



# Almannavarnir Árnæssýslu

1. fundur Almannavarnarnefndar Árnæssýslu, haldinn föstudaginn  
19. október 2018 kl: 13:00 á Hótel Örk, Hveragerði.

**Mætt:**

Sveitarfélagið Árborg	Sólveig Þorvaldsdóttir
Hveragerðisbær	Aldís Hafsteinsdóttir
Grímsnes og Grafningshreppur	Ingibjörg Harðardóttir
Hrunamannahreppur	Jón G. Valgeirsson
Hrunamannahreppur	Halldóra Hjörleifsdóttir
Flóahreppur	Eydís Indriðadóttir
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Kristófer Tómasson
Bláskógabyggð	Ásta Stefánsdóttir
Svæðisstjórn björgunarsveita	Lárus Kristinn Guðmundsson
Lögreglan á Suðurlandi	Kjartan Þorkelsson
Lögreglan á Suðurlandi	Oddur Árnason
Lögreglan á Suðurlandi/AÁ	Víðir Reynisson
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Anna María Snorradóttir
Almannavarnir/Brunavarnir Árnæssýslu	Pétur Pétursson
Brunavarnir Árnæssýslu	Sverrir Haukur Grönli
Brunavarnir Árnæssýslu	Unna Björg Ögmundsdóttir (fundarritari)

Eyvindur Bjarnason frá Rauða krossinum og Elliði Vignisson bæjarstjóri Ölfus boðuðu forföll.

Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri, setur fundinn.

## 1. Kosning formanns.

Kjartan óskar eftir framboði til formennsku nefndarinnar. Sólveig Þorvaldsdóttir og Ásta Stefánsdóttir gefa kost á sér.

Sólveig óskar eftir að fá að kynna sig fyrir fundarmönnum fyrir kjörið.

Aldís lýsir yfir ánægju sinni með þær sem eru í framboði og gerir grein fyrir atkvæði sínu.

Ásta fær greidd 7 atkvæði á móti einu atkvæði til Sólveigar.

Sólveig bíður sig fram sem varaformaður og hlýtur kosningu.

Aldís bíður sig fram sem ritari og er kjörin.

Ásta tekur við stjórn fundarins.

## 2. Fjárhagsáætlun 2019

Pétur fór yfir helstu liði í fjárhagsáætlun og stuttlega yfir störf Víðis sem lætur af störfum um áramót. Kjartan upplýsir að til standi að auglýsa eftir öðrum manni í hans stað mjög fljótlega og fór yfir verkefni sem nýr starfsmaður kemur til með að vinna að. Samþykkt að fjárhagsáætlun verði lögð fyrir Héraðsnefnd á næsta fund.

### 3. Verkefni Víðis.

Víðir fór yfir sín verkefni sem hann var ráðinn til. Búið er að gera áhættumat og áætlanir fyrir flest sveitarfélögin í Árnessýslu, aðeins Ölfus og Árborg er ólokið.

### 4. Önnur mál

- a. Kjartan bauðst til að heimsækja nýjar sveitastjórnir til að kynna löggæslustörf og almannavarnir á Suðurlandi. Hann mun senda póst á alla sveitarstjóra til að finna tíma sem hentar.
- b. Pétur fór yfir nokkrar breytingar sem gera þarf á samþykktunum en inn í þær vantar hver kallar til fyrsta fundar, framkvæmdastjóri almannavarna, lögreglustjóri eða fyrri formaður sem enn er formaður þar til nýr er kjörinn. Í 8.grein segir að framkvæmdastjóri boðar fundi í samráði við formann, ef það er við fyrsta fund nýrrar nefndar er það þá í samráði við fyrri formann? Þetta þarf að taka fyrir á almannavarnanefndarfundi.
- c. Kristófer þakkar Víði fyrir góð störf og spyr hverjar hæfniskröfur nýs starfsmanns verða. Kjartan fer yfir þær kröfur.
- d. Aðrir nefndarmenn þakka einnig Víði fyrir góð störf og Víðir þakkar á móti fyrir faglegt og gott samstarf.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:45.